



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 22/2016

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Dion
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

1.

Hinn 25. nóvember 2015 kom starfsmaður Neytendastofu í verslunina Dion í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum skal verðmerking vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru hún vísar.

Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að verðmerkingum var ábótavant bæði í versluninni og í sýningargluggum. Um verðmerkingar í versluninni voru gerðar sérstakar athugasemdir við að verð vantaði á nokkra boli og skyrtur, gallabuxur, jakka, loðkraga og töskur og veski.

Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru. Í lok skoðunar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa kæmi til með að senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga. Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir þeim helstu ákvæðum laga og reglna sem um verðmerkingar gilda.

Með bréfi Neytendastofu til Dion, dags. 3. desember 2015, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

2.

Hinn 15. mars 2016 var framkvæmd önnur skoðun hjá Dion, sem fram fór með sama hætti og fyrri skoðun. Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að að enn voru gerðar athugasemdir við að



ástand verðmerkinga í sýningarglugga væri ábótavant. Verðmerkingar í versluninni voru hins vegar í lagi.

Með bréfi Neytendastofu til Dion, dags. 21. mars 2016, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að skýringum og athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 30. mars 2016, þar sem segir um verðmerkingar á gínum að það hafi aldrei komið skýrt fram að það ætti að vera sérstök verðmerkingarspjöld. Það hafi komið fram í seinni heimsókn að þetta hafi vantað og þá hafi verið spurt hvort þetta væri eitthvað vandamál. Starfsmaður frá Neytendastofu hafi sagt að svo væri ekki og beðið um að þetta yrði lagað. Það hafi aldrei komið fram í fyrri heimsókn að þetta atriði væri í ólagi. Þetta sé heldur ekki nægilega skýrt í bréfum stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Neytendastofa gert athugasemdir við verðmerkingar í sýningarglugga verslunarinnar Dion þar sem ástand verðmerkinga hafi verið ábótavant við síðari skoðun og því ekki búið að gera viðunandi lagfæringar á verðmerkingum innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“



Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.

Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber Dion að verðmerkja allar söluvörur sínar, hvar sem þær eru hafðar til sýnis, með endanlegu verði og skulu verðmerkingar vera réttar.

Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í verslun Dion þær að ástand verðmerkinga í sýningarglugga var enn ábótavant eins og að ofan greinir. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglna. Eftir fyrri skoðun var Dion gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í versluninni og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til Dion að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Orðalag reglna nr. 536/2011 er afar skýrt að því leyti að verðmerking skal vera neytendum sýnileg hvar sem vara er höfð til sýnis, þ.m.t. í sýningarglugga. Dion mátti því vera fullljóst að versluninni bæri að sjá til þess að vörur í sýningarglugga bæru sýnilegt verð. Það var ekki gert og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til framangreinds og að teknu tilliti til umfangs brotsins og meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, sem og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, telur Neytendastofa rétt að leggja á Dion, stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Dion ehf., Jórsölum , Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með óviðunandi verðmerkingum í sýningarglugga. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Dion ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 23. maí 2016

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir